

Reykjavík, 24. maí 2018

Niðurstaða athugunar á ferli við uppgreiðslu fasteignalána hjá nokkrum eftirlitsskyldum aðilum

Fjármálaeftirlitið hóf í febrúar 2018 athugun á því hvernig vinnuferli við uppgreiðslu fasteignalána er háttað hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf., Íbúðalánasjóði, BRÚ lífeyrissjóði, Gildi lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Stapa lífeyrissjóði. Markmið athugunarinnar var að skoða sérstaklega hvort starfsemi framangreindra aðila að þessu leyti væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Einnig hvort ofangreindir viðskiptabankar uppfylltu að þessu leyti skilyrði 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Athugunin beindist að því hvenær aflýsing skjala vegna uppgreiddra fasteignalána er framkvæmd, hvernig og hvenær frumrit aflýsts lánaskjals er sent skuldara hjá hverjum aðila fyrir sig. Verkferlar ofangreindra aðila voru skoðaðir, ásamt því að óskað var eftir upplýsingum um hvenær og hvernig skuldari væri upplýstur um vinnuferli við uppgreiðslu fasteignalána. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í apríl 2018 að undangengnum samskiptum við hlutaðeigandi aðila.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugun þessa taldi eftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við starfshætti ofangreindra aðila vegna uppgreiðslu fasteignalána.